

Móttaka nýrra nemenda

Markmiðið er að tekið sé á móti nýjum nemendum í Grunnskóla Grindavíkur, þannig að fyrstu kynni þeirra af skólanum veiti þeim vellíðan og öryggi.

Nýir nemendur

Nemendur sem koma nýir í skólann að hausti eða eftir að skóli er hafinn koma ásamt foreldrum eða forráðamönnum í skólann og hitta deildarstjóra og umsjónarkennara á fyrirfram ákveðnum tíma og fá kynningu á skólastarfinu og húsnæðinu. Þeir mæta síðan í kennslu næsta skóladað.

1.bekkingar

Unnið er markvisst skv. áætlun um Brúum bilið milli leik- og grunnskóla á meðan nemendur eru á síðasta ári í leikskóla. Að vori er haldinn upplýsingafundur með starfsmönnum leikskóla og grunnskóla. Í ágúst er haldinn fundur með foreldrum 1.bekkinga, umsjónarkennurum, skólástjóra, deildastjóra yngsta stigs, fulltrúa skólaskrifstofu og gestafyrirlesurum. Á þessum fundi er skólinn og skólastarfið kynnt auk þess sem fjallað er um þátttöku foreldra í að skapa jákvæð samskipti, bekkjaranda og vináttu ásamt því að vinna gegn einelti. Foreldrar fá góð ráð varðandi uppeldi og til eflingar skólafærni barna sinna. Umsjónarkennarar taka síðan á móti sínum bekkjum í upphafi skólaárs og fara í þau verkefni sem hér að neðan eru talin upp sem verkefni umsjónarkennara.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Nemendum sem koma nýir í skólann og hafa annað móðurmál en íslensku þarf að tryggja túlkþjónustu á fyrsta fundi og svo lengi sem talin er þörf á því bæði fyrir nemanda og foreldra. Umsjónarkennari og starfsmenn þurfa að setja sig vel inn í aðstæður barnsins og fjölskyldunnar og reyna að átta sig á úr hvaða menningarheimi þau koma. Tryggja þarf barninu kennslu við hæfi s.s. hjá sérkennara sem kennir íslensku sem annað tungumál og notkun rafeindatækja t.d. til að viðhalda móðurmálinu.

Ábyrgð og verklag

Skólaritari

- skráir nemendur á sérstakt innritunarblað,
- kemur upplýsingum (ljósriti af innritunarblaði) til deildarstjóra
- tilkynnir kennurum og starfsfólki um nýjan nemenda bæði með tölvupósti

Deildarstjóri

- Ef nýr nemandi kemur í skólann boðar deildarstjóri hann ásamt foreldrum/forráðamönnum í viðtal,
- tekur ákvörðun um bekkjardeild og tilkynnir það umsjónarkennara,
- kynnir umsjónarkennara öll gögn er varða nýja nemendur,
- boðar til fyrsta viðtals og kynnir nemanda/foreldra fyrir skólástjóra/ aðstoðarskólástjóra,
- kynnir nemanda og foreldra/forráðamönnum fyrir umsjónarkennara,
- lætur námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðing vita um nýjan nemanda,
- lætur tölvuumsjónarmann vita ef nemandinn er í 4.-10.bekk. Nemandi fær þar notendanafn og lykilorð á innra net skólans og á Google classroom.

Umsjónarkennari

- setur nemanda í námshópa,
- afhendir stundaskrá, bækur og öll þau gögn sem nemandi og foreldrar/forráðamenn þurfa á að halda,
- veitir upplýsingar um þjónustu tengda skólanum og leiðbeinir um notkun Mentor,
- kynnir nýjum nemanda aðstöðu skólans og tryggir að íþróttakennari kynni íþróttta- og sundaðstöðu,
- hefur samband við umsjónarmann skólahúsnæðis vegna húsgagna,
- kannar stöðu nemandans, leitar eftir upplýsingum, ef hann telur þörf,
- Kynnir kennurum, sérgreinakennurum og starfsfólki ef um frávík er að ræða sem gera þarf sérstaka grein fyrir,
- leitar eftir ráðgjöf deildarstjóra eða deildarstjóra stoðþjónustu vegna nemanda með frávík,
- kynnir nemandann fyrir bekkjarfélögum áður en hann kemur og útnefnir 2-4 leiðsögumenn úr bekknum fyrir hann (tilmæli eru um að þeir séu af báðum kynjum). Hlutverk þeirra er að passa upp á að nýi nemandinn sé ekki einn og að hann fái allar upplýsingar sem hann þarf,
- fylgist með líðan nemandans í skólanum og upplýsir foreldra/forráðamenn um líðan og gengi nemandans að minnsta kosti tvisvar sinnum fyrsta mánuðinn.

Námsráðgjafi

- gefur nýjum nemanda viðtalstíma, helst um leið og deildarstjóri kynnir þá eða eins fljótt og hægt er,
- fylgir þeim nemendum eftir sem þess þurfa með,
- kemur upplýsingum til umsjónarkennara ef nemandi hefur sögu um einelti, félagslega erfiðleika eða annað sem vinna þarf sérstaklega með.

Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku

Móttökuvíðtal

Móttökuvíðtali er ætlað annars vegar að afla upplýsinga um nemanda og hins vegar að veita upplýsingar um skólann.

Móttökuvíðtal sitja foreldrar, nemandi, deildarstjóri stigs, umsjónarkennari, ÍSAT kennari og aðrir sem nauðsynlegt þykir að sitji fundinn. Túlkur er á fundinum.

Upplýsingar um stöðumat/stöðupróf frá ráðuneytinu verður notað frá og með hausti 2021

Í móttökuvíðtalinu er farið yfir eftirfarandi þætti og þeir útskýrðir fyrir nemandanum og foreldrum.

- ✓ Stundaskrá nemanda – farið vel yfir allar námsgreinar, frímínútur, útiveru, nesti, skipulag skóladagsins.
- ✓ Íþróttir og sund – staðsetning, íþróttafatnaður og reglur varðandi sturtu og búningsklefa.
- ✓ Skóladagatal – fara yfir þá daga sem eru ekki hefðbundnir skóladagar og frídaga, skertir dagar, bolludagur, öskudagur og fleira er tengist hefðum í skólastarfinu.
- ✓ Símanúmer – símanúmer skóla og íþróttahúss.
- ✓ Heimasíðan skóla, Facebook síða skólans.
- ✓ Skólareglur og mætingarskylda, veikindatilkynningar og leyfisveitingar tilkynnast til ritara – lengri leyfi þarf að sækja um skriflega.
- ✓ Mötuneyti og nestismál.
- ✓ Skólasel – skráning og kostnaður – ef við á.
- ✓ Hvenær byrjar nemandinn í skólanum.
- ✓ Hvert á að snúa sér ef nemanda líður illa – umsjónarkennari.
- ✓ Heimalestur – hlutverk foreldra í námi barna sinna.
- ✓ Mentor – afhenda lykilorð og kynna og fara yfir helstu atriði og upplýsingar sem þar koma fram um nemandann.
- ✓ Mögulegar undanþágur frá tungumálanámi ef við á.
- ✓ Reglur um farsíma og undirritun samnings um ábyrga notkun snjalltækja og myndbirtingasamning.
- ✓ Stoðþjónusta skólans kynnt – sérkennska, skólafélagsráðgjafi, námráðgjafi, ÍSAT kennsla.
- ✓ Kynna valgreinar á unglingsstigi ef við á.
- ✓ Félagsmiðstöð – segja frá starfsemi.
- ✓ Íþróttaiðkun – heimasíðan UMFG – allar upplýsingar um hvaða íþróttir eru í boði.
- ✓ Ritföng og bækur skaffar skólinn.
- ✓ Afhenda bæklinginn Fyrstu skrefin um íslenskt samfélag
<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2007/10/18/Fyrstu-skrefin-eru-komin-ut-a-tiu-tungumalum/>
- ✓ Afhenda bæklinginn Við og börnin okkar, bæklingur um réttindi og skyldur foreldra í íslensku samfélagi
<https://www.barnasattmali.is/is/fyrir-foreldra/utgefing-efni-fyrir-foreldra>
- ✓ Heilsugæsla á vegum skólans – hvaða þjónusta er veitt
- ✓ Afhenda bækling um byrjendalæsi- ef við á

<https://www.msha.is/is/byrjendalaesi-moodle>

- ✓ Viðbrögð við óveðri og kynna viðbragðsáætlun skólans.
- ✓ Finna tíma fyrir næsta fund – ákveða með hvaða hætti er best fyrir foreldra og umsjónarkennara að vera í samband, símtal- tölvupóstur.

Upplýsingar frá foreldrum og nemanda í viðtalinu, sjá upplýsingablað.

Hlutverk umsjónarkennara

- ✓ Setur nemanda í hópa í list- og verkgreinum og sund og íþróttum.
- ✓ Kynnir nemanda fyrir bekknum.
- ✓ Hefur samband við húsvörð vegna húsgagna.
- ✓ Kemur upplýsingum um nemandann áleiðis til allra kennara sem koma að nemandanum.
- ✓ Útnefnir 2-4 leiðsögumenn úr bekknum sem passa upp á að nemandinn sé ekki einn.
- ✓ Fylgjast vel með líðan nemandans og upplýsa foreldra um líðan og gengi að minnsta kosti tvisvar sinnum fyrsta mánuðinn.
- ✓ Athuga hvort þess sé kostur að fjölskylda nýja nemandans fái sérstaka tengiliði í foreldrahópnum eða jafnvel vinafjölskyldu.
- ✓ Samstarf við ÍSAT kennara um námsáætlun fyrir nemandann

Upplýsingar frá nemanda og foreldrum – farið yfir í móttökuvíðtali

Nafn nemanda

Kennitala

Fæðingarstaður

Móðurmál

Hvenær kom nemandinn til Íslands

Nafn móður

Fæðingarstaður

Móðurmál

Nafn föður

Fæðingarstaður

Móðurmál

Hvaða tungumál er talað á heimili

Ofnæmi

Hvar bjó fjölskyldan áður

Hefur nemandinn verið á leikskóla

Hefur nemandinn verið í grunnskóla

Hvernig var skólagöngu háttað í heimalandi

Var nemandinn ánægður í skólanum
Hvað fannst nemandanum skemmtilegast að gera í skólanum
Hvað fannst nemandanum leiðinlegast/erfiðast að gera í skólanum

Hefur nemandinn skipt um skóla
Hvers vegna

Skilur nemandinn eða talar hann önnur tungumál en móðurmál sitt

Er nemandinn læs, á móðurmáli eða öðru máli
Er nemandinn skrifandi, á móðurmáli eða öðru máli
Er nemandinn læs á vestrænt starfróf
Á nemandinn við námsörðugleika að stríða
Liggur einhver greining fyrir á nemanda (sálfræðimat, lestargreining)
Hvernig skapgerð er nemanda best lýst

Hve lengi hafa foreldrar búið á Íslandi
Móðir
Faðir
Hvernig er íslenskukunnátta móður
Hvernig er íslenskukunnátta föður
Tala og skilja foreldrar ensku
Er einhver sem er tengdur fjölskyldunni sem talar íslensku eða ensku
Á fjölskyldan ættinga á Íslandi
Starf móður
Starf föður
Hefur nemandi verið aðskilin frá foreldrum sínum
Hefur nemandinn orðið fyrir áföllum í lífi sínu

Hvernig fannst þér að flytja til Íslands
Ert þú í sambandi við ættingja eða vini í þínu heimalandi t.d. í gengum internet
Áttu vini á Íslandi sem eru ættaðir frá þínu heimalandi
Áttu íslenska vini
Þekkir þú einhver börn í skólanum
Hefur þú áhuga á að taka þátt í tómstundarstarfi
Hefur þú farið í sund
Hefur þú lært að synda
Finnst þér gaman í skólasundi
Finnst þér gaman í íþróttum
Hver eru áhugamál þín
Finnst þér gaman að lesa
Eitthvað sérstakt sem nemandi eða foreldrar vilja koma á framfæri

Viðtalið sátu

Nemandi

Foreldrar

Deildarstjóri

Umsjónarkennari

ÍSAT kennari

Túlkur